Styrktaraðilar

ÍSAFJARÐARBÆR

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTFJARÐA

KERECIS

ÍSINN ÍSVERKSMIÐJA • ÍSAFIRÐI

KLOFNINGUR KL SUÐUREYRI

HAMRABORG
Góða skemmtun!

JAKOB VALGEIR EHF

KERTA HÚSIÐ

VESTFIRSKIR VERKTAKAR

BOREA ADVENTURES

THAI TWEE

FALDA

pixel prentþjónusta

Tónlistarfélag Ísafjarðar

Toppflutningar ehf.

EDINBORG BISTRO

Litli Leikklúbburinn

FIÐLARINN Á ÞAKINU



UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTFJARÐA

75 TÓNLISTARSKÓLI ÍSAFJARÐAR 1948-2023

Edinborgarhúsið

Erindi fiðlarans

Siðvenjan er harður húsbóndi. Hún ver vissulega gegn ringulreið breytinga, upplausn og siðrofi, flytur lærdóm milli kynslóða, veitir okkur öryggi og setur heimili og fjölskyldu í forsæti, en hún bælir okkur líka og stendur þannig ævintýrasólginni hamingju okkar fyrir þrifum, gerir okkur óttaslegin, fordómafull og tortryggin í garð bæði ókunnugra siða og ókunnugra manna. Siðvenjan reynir að halda aftur af hinu óhjákvæmilega, sjálfri framtíðinni, enda er það þar sem okkar bíður dauðinn.

Í *Fiðlaranum á þakinu* er siðvenjan hin eiginlega aðalsöguhetja, hún sést aldrei á sviðinu en ræður öllu. Það er ekki bara að hún banni Tevje að leyfa dætrum sínum að giftast þeim sem þær elska, heldur er það líka hún sem fær hina kristnu Rússa til þess að gera aðsúg að gyðingunum í Anatevku. Í upprunalegum sögum Sholems Alekheims biðja rússarnir Tevje m.a.s. innilega afsökunar um leið og þeir tilkynna honum að nú eigi að berja hann og brjóta hjá honum rúður – þeim þyki það leitt, en þetta sé nú einu sinni bara til siðs. Og ekki hugsar Tevje hlýlegar til þeirra, þegar til kastanna kemur.

Sögur sínar um Tevje mjólkurbónda byggði Sholem Aleikhem meðal annars á uppvexti sínum í Voronkiv, litlum gyðingabæ nærri Kíyv í Úkraínu (sem þá tilheyrði Rússlandi), ekki óáþekkum þeirri Anatevku sem birtist okkur í sögum og á sviði. Í Voronkiv voru gyðingaofsóknir daglegt brauð og líkt og svo margir – líkt og Tevje sjálfur – mátti Sholem Aleikhem flýja heimkynni sín þegar ofsóknirnar urðu óþolandi og sækja sér hæli á friðsælli slóðum.

Því miður hefur heimurinn að þessu leyti ekki skánað á þeirri rúmu öld sem er liðin. Aldrei í mannkynssögunni hafa jafn margir verið á flótta frá heimkynnum sínum og nú. Það blasir svo við hverjum sem vill sjá að þær ofsóknir sem Tevje og fjölskylda hans mega þola í Úkraínu um aldamótin 1900 minna ekki lítið á ástandið í landinu helga síðustu áratugi, þar sem herská og óttaslegin þjóð fer fram með ofbeldi gagnvart minnimáttar, rekur fólk af heimilum sínum og brýtur undir sig lönd þeirra. Ekki er þá ástandið skárra á söguslóðum Tevjes í Úkraínu. Þetta er gömul saga og ný. Ofbeldi getur af sér ofbeldi. Og alltaf er tekist á um það sama: land, völd og rétta siðvenju.

En eins mótsagnafullt og það nú hljómar er Fiðlarinn á þakinu ekki bara þrunginn harmi – þótt hann líti aldrei undan sársaukanum. Hann er líka þrunginn því sem gerir lífið heilagt: gleðværð. Í sögum sínum tókst Aleikhem nefnilega ekki bara að gera jiddísku að bókmenntamáli í fyrsta sinn, sem hann gerði, heldur líka að slá nýstárlegan tón í sagnagerð; marglaga og stórfenglegan hljóm sem er gamansamur, sorgbitinn, heiftúðugur, léttlyndur og kaldranalegur – oftar en ekki allt í einu. Þennan hljóm tileinkuðu sér síðan þeir Joseph Stein, Jerry Bock og Sheldon Harnick þegar þeir sömdu þann margfræga söngleik sem hér er settur á svið.

(Það sem ég vildi sagt hafa: velkomin í leikhúsið, þvílík hörmung, góða skemmtun.)

Eiríkur Örn Norðdahl







Kærar þakkir

Stjórn Litla leikklúbbsins þakkar öllum sem hafa lagt hönd á plóg við uppfærsluna. Takk Sunna Einarsdóttir, Kristinn Gauti Einarsson, Ingi Björn Guðnason, Friðþjófur Þorsteinsson, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Steingrímur Guðmundsson, Snorri Örn Rafnsson, Edinborgarhúsið, Eimskip, Samskip, Tjöruhúsið, Húsið, Jóhann Smári og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, öðlingarnir í Sunnuhlíð, Ólöf Kolbrún og Söngskólinn í Reykjavík og öll hin sem hafa lánað okkur leikmuni, búninga og hjálpað okkur á annan hátt!
Sérstakar þakkir fá einnig fjölskyldur allra þátttakenda fyrir ómælda þolinmæði og aðstoð.

Gunnar Ingi Hrafnsson, Dóra Hlín Gísladóttir og Tinna Ólafsdóttir

Tónlistaratriði

1. Siðvenja.....Tevje
2. Ef ég væri ríkur.....Tevje
3. Hjúskaparmiðlari.....Khava, Hodel og Tzeitel
4. Hvíldardagsbæn.....Tevje, Golda og kór
5. Skál, þú líf.....Tevje, Lazar Wolf og kór
6. Undranna undur.....Motel
7. Draumurinn.....Tevje, Golda, amma Tzeitel, Frúma Sara og kór
8. Sól rís, sól sest.....Tevje, Golda, Perchik, Hodel og kór
9. Nú á ég allt sem þarf.....Perchik og Hodel
10. Elskar þú mig.....Tevje og Golda
11. Slúðrið.....Yenta og kór
12. Ástvinum mínum frá.....Hodel
13. Khövu-þáttur.....Tevje
14. Anatevka.....Kór



Listræn stjórn

Leikstjóri
Þórhildur Þorleifsdóttir



Þórhildi þarf vart að kynna, enda hefur hún verið virk í leikhúsheiminum um áratugaskeið og leikstýrt fjölda leikverka í öllum stóru leikhúsum landsins sem og í óperunni, sjónvarpi, kvikmyndum og útvarpsleikhúsi. Á Ísafirði hefur Þórhildur leikstýrt Gísl í uppsetningu Menntaskólans á Ísafirði árið 2002 og Söngvaseið í uppsetningu LL og Tónlistarskóla Ísafjarðar árið 2003.

Tónlistarstjóri
Beáta Joó



Beáta Joó hefur kennt við Tónlistarskóla Ísafjarðar um árarаðir. Fyrir utan tónlistarkennsluna hefur Bea stýrt flestum kórum á svæðinu við góðan orðstír auk þess sem hún hefur verið tónlistarstjóri í stórum leikverkefnum sem skólinn hefur sett upp með Litla leikklúbbnum, svo sem Söngvaseið árið 2003, og í uppsetningum Menntaskólans á Ísafirði.

Danshöfundur
Chantelle Carey

Ljósahönnuður
Friðþjófur Þorsteinsson

Búningahönnuður
Jóhanna Eva Gunnarsdóttir

Sýningarteymi

Aðstoðarleikstjórn
Halla Ólafsdóttir
Halldóra Jónasdóttir
Dóra Hlín Gísladóttir

Leikmynd
Catherine Chambers
Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir

Sviðsmynd og grafík
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
Svala Sigríður Jónsdóttir

Búningar
Jóhanna Eva Gunnarsdóttir
Sigrún Viggósdóttir

Ljós og hljóð
Haraldur Ringsted
Halldóra Jónasdóttir

Smiðir
Hálfdán Ingólfsson
Páll Gunnar Loftsson

Ljósmyndari
Gísli Páll Guðjónsson









Leikarar

Fjölskyldan
Tevje mjólkurpóstur: Bergþór Pálsson
Golda konan hans: Hildur Halldórsdóttir
Dætur þeirra
Tzeitel: Hildur Dagbjört Arnardóttir
Hodel: Elín Sveinsdóttir
Khava: Ásrós Guðmundsdóttir
Sprintze: Kristín Eik Sveinbjörnsdóttir
Bielka: Sædís Þorvarðardóttir

Vonbiðlar
Motel klæðskeri: Ragúel Hagalínsson
Perchik, stúdent frá Kíev: Skúli Hakim Mechiat
Fyedka, Rússi: Sigurvaldi Kári Björnsson

Íbúar Anatevka
Yenta hjúskaparmiðlari: Erla Rún Sigurjónsdóttir
Lazar Wolf slátrari: Páll Gunnar Loftsson
Rabbíninn: Hálfdán Bjarki Hálfdánsson
Kráareigandinn: José Omar Serralde Monreal
Mendel: Pétur Óli Þorvaldsson
Avram bóksali: Eiríkur Örn Norðdahl
Amma Tzeitel: Judy Tobin
Frúma Sara: Sara Hrund Signýjardóttir
Lögregla: Albert Eiríksson
Rússar: Daði Þorvarðarson, Dýri Arnarson, Svavar Þór Guðmundsson
Þorpsbúar: Auður Arna Höskuldsdóttir, Finney Rakel Árnadóttir, Gunnar Ingi Hrafnsson, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Sædís Ólöf Þórsdóttir, Sæunn Sigurjónsdóttir

Hljómsveit

Fyrsta fiðla
Tinna Ólafsdóttir
Önnur fiðla
Elma Steingrímsdóttir
Gítar
Skúli Þórðarson

Básúna
Kristín Þóra Henrysdóttir
Althorn
Jóna Guðrún Arnórsdóttir
Klarinett
Madis Mäekalle

Píanó
Beáta Joó
Píanó/Bassi
Matilda Mäekalle
Slagverk
Jón Mar Össurarson